

## Breytingar á kröfu Svansins í nýbyggingum og endurbótum um bakteríueyðandi yfirborðsmeðhöndlunir

Með tilkomu nýrra viðmiða fyrir nýbyggingar (útgáfa 4) og endurbætur (útgáfa 2) hefur efnissamþykktarferli fyrir vörur sem falla **einungis** undir kröfuna um bakteríueyðandi yfirborðsmeðhöndlunir breyst.

Krafan heitir *Antimicrobial surface treatment* og er númer **O26** í nýbyggingarviðmiðunum og **O34** í endurbótaviðmiðunum og snýr að eftirfarandi vöruflokkum:

- Gólfefni
- Veggjaglæðningar úr keramik eða steini
- Eldhús og beðherbergisinnréttingar eins og borðplötur, framhliðar á skápa, eldhúsvaskar, speglar, sturtuveggir, hreinlætistæki, gler í eldhúsi (e. Splashbacks) o.fl.
- Heimilistæki
- Loftræsikerfi
- Kvarnir

Áður þurfti framleiðandi vörunnar að fylla út viðauka og skila inn upplýsingablaði vörunnar til að fá hana samþykkt en núna hefur sú breyting orðið að leyfishafi (sá sem vottar bygginguna) ber ábyrgð á því að versla ekki inn vörur með slíkri yfirborðsmeðhöndlun.

Leyfishafi skal skila inn viðauka 9 fyrir nýbyggingar og viðauka 7 fyrir endurbætur þar sem viðkomandi skrifar undir yfirlýsingu þess efnis að **ekki** verði notast við vörur með þessum efnum í verkefninu.

Söluaðilar og framleiðendur þurfa því að geta miðlað þeim upplýsingum til sinna viðskiptavina sem vilja kaupa vörur sem leyfilegar eru í Svansvottuð hús að vörunnar séu lausar við bakteríueyðandi yfirborðsmeðhöndlunir.

Vörur sem einungis falla undir þessa kröfu á því ekki skrá í gegnum **SCDP** og mun því ekki birtast á vörugátt Svansins (**NEP**).

Ef fleiri kröfur en sú um bakteríueyðandi yfirborðsmeðhöndlunir falla á viðkomandi vöru, eins og t.d. harðparket þarf að sækja um samþykki fyrir henni í gegnum **SCDP**. Ef einungis krafan um bakteríueyðandi yfirborðsmeðhöndlun á við um vöruna, eins og t.d. flísar þarf ekki að sækja um samþykki fyrir henni, einungis ganga úr skugga um að hún uppfylli þessa einu kröfu.

Þetta þýðir í raun að vörur sem falla einungis undir þessa kröfu og voru áður samþykktar fyrir byggingar sem vinna eftir eldri útgáfum byggingarviðmiðanna eru sjálfkrafa leyfilegar í byggingar sem vinna eftir nýju útgáfunum.